

Hlíð í Hvalfjarðarsveit 14 janúar 2022

**Efni:** Athugasemdir vegna tillögu að starfsleyfi fyrir Matfugl ehf. að Hurðarbaki Hvalfjarðarsveit, er varðar verulega aukningu á eldi alifugla (kjúklinga). Tillagan gerir ráð fyrir stækkun á eldisrými úr 80.000 fugla húsum í 136.000 fugla og að uppfylltum skilyrðum frekari stækkun í eldisrými fyrir 192.000 fugla.

Undirritaðir eigendur Vestra Miðfells og Hlíðar leggjast gegn því að fyrirhuguð stækkun á kjúklingabúinu að Hurðarbakið verði leyfð. Þessi starfsemi er í mikilli nálægð við jarðir okkar, rekstur ferðaþjónustu og þá náttúruferlu sem Laxá í Leirársveit er. Okkur finnst umgengnin óviðunandi og eftirlit með starfseminni hafa brugðist.

Skítalykt mun aukast: Á góðviðrisdögum finnst vel fyrir skítalykt frá búinu í núverandi stærð og við höfum ekki verið að tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Vesturlands enda búum við í landbúnaðarhéraði og er í lagi að hafa skítalykt stöku sinnum. Í Hlíð hefur verið rekin ferðaþjónusta í 35 ár og höfum við verulegar áhyggjur af því ef lyktarmengun eykst frá því sem nú er. Veidimenn við Laxá hafa oft kvartað við veiðivörð yfir skítalykt á góðviðrisdögum. Þegar lykt er orðin mikil og viðvarandi á góðviðrisdögum þá er það full mikið og ekki það sem ferða- og eða veiðimenn eru að leitast eftir heldur eitthvað sem þeir kvarta yfir og reyna að forðast.

Hauggeymsla á Hurðarbaki: Ekki er allt þar til fyrirmyndar frá því að kjúklingaeldið byrjaði til dagsins í dag. Nokkrum sinnum hefur Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar þurft að slökkva í eldum sem kviknað hafa í safnhaug geymslunnar. Í fyrra skiptið brunnu útihúsin með og var þá sett nýtt þak yfir veggina á hauggeymslunni. Í síðara skiptið sem var í september 2019 þurfti slökkviliðið að koma þrisvar sinnum með um það bil viku millibili. Í þeim mánuði var veiðimönnum ekki skemmt sem voru við veiðar í Miðfellsfljóti og á nærliggjandi veiðistöðum með mikilli reykjarlykt svo dögum skipti. Innkeyrsluop á geymslunni er alltaf opið og óvarið en yfir sumartímann má sjá töluvert af sauðfé þar inni ofan á haugum að éta fóðurleifar úr skítum og kindurnar leita líka þangað í skuggann á sólríkum dögum. Þetta er varla boðlegt að okkar mati og ekkert verið að spá í smit hættu eða sýkingavarnir. Það virðist vera að geymslan fyllist flest árin og stundum skítur á plani fyrir utan geymsluna við núverandi stærð kjúklingabúsins. Það er spurning hvert safinn frá geymslunni og haugnum fari og hvort sé eitthvert eftirlit með því.

Safnhaugar á nærliggjandi bæjum: Ekki fer allur kjúklingaskíturinn í hauggeymsluna á Hurðarbaki heldur er keyrt í safnhauga á bæjum í sveitarfélaginu. Ekkert eftirlit eða kröfur virðist vera með þeim stöðum, hvar og hvernig farið er með haugana sem skíturinn er keyrður í né hvernig staðið er að því. Þeir eru t. d. á vatnsbökkum vatnasviðs Laxár og er farið mjög frjállega með þá. Þarna hafa fuglar, búpeningur og regnvatn frjálсан aðgang að haugunum sem getur haft slæmar afleiðingar í för með sér, t.d. smit í búpening.

Fráveitukerfi við kjúklingahúsin: Hvernig er eftirlit með fráveitukerfi frá kjúklingahúsunum og hauggeymslu háttáð? Er það kannski lítið eða ekkert.

Fjúkandi rusl: Talsvert hefur fokið af rusli frá búinu í gegn um árin og höfum við verið að tína af girðingum hjá okkur, liggjandi laust á víðavangi og einnig upp úr Laxánni.

GF  
GOF  
PMF  
PVJ  
E.J.


Pungaflutningar aukast verulega og ryk á vegi 502: Flutningar að og frá búinu munu aukast verulega. Núverandi ástand er alls ekki gott og fer mikið ryk yfir tún og byggingar í Hlíð þegar þannig viðrar. Það er mjög erfitt að fá Vegagerðina til að hefла og/eða rykbinda veginn, vegur sem er kominn mjög til ára sinna og hefur fengið lítið viðhald í gegn um árin.

Laxá í Leirársveit: Við höfum áhyggjur af lífríki Laxár geti skaðast, áhugi veiðimanna og áhugi / sölumöguleikar leigutaka muni skerðast við frekari stækkun og getur það haft gríðarlegt tjón fyrir veiðiréttarhafa. Eins og áður hefur komið fram hafa veiðimenn oft kvartað við veiðivörð um skítalykt frá búinu á góðviðrisdögum. Veiðistaðurinn Miðfellsfljót er aðeins nokkur hundruð metrum neðan við húsin á Hurðarbaki og rétt fyrir neðan affall sem liggur frá þessum húsum út í Laxána. Miðfellsfljótið er einn af sérkennilegustu veiðistöðum á landinu og jafnvel þótt víðar væri leitað.


Fuglamergö mávfugla: Við vissar aðstæður er mikil fuglamergö mávfugla á Hurðarbaki og þar sem þessum skít er dreift á tún. Hann fer síðan í stórum hópum á Laxána til að baða sig og brynna sem getur haft slæmar afleiðingar fyrir lífríkið og seiðin. Fyrir nokkrum árum síðan þá missti eigandi Hlíðar þrjú folöld og tvö fullorðin hross, það gerðist með þeim hætti að kaldavatsleiðslan hjá Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar bilaði og myndaðist um 20 fermetra pollur sem hrossin drukku úr. Þangað komu mávfuglar til að baða sig og brynna. Við rannsókn á einu af folöldunum hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum kom fram að Salmonella hafði drepíð það, og líklegast talið að hún hafi komist í drykkjarvatnið með mávinum.


Afrit af þessu bréfi er sent til Hvalfjarðarsveitar.

Virðingarfyllst

  
Eyjólfur Jónsson

  
Bjarni Jónsson

  
Guðmunda Ó. Jónsdóttir

  
Sigríður V. Jónsdóttir

  
Sigrún M. Jónsdóttir